European Commission

Framkvæmdastjórn
Evrópu

Brussel, 31.10.2022

C(2022) 7545 lokaútgáfa

Viðaukar 1 til 4

**Viðaukar**

***við***

**Reglugerð ESB**

**sem breyta og leiðrétta tæknilega staðla sem settir eru fram í framseldri reglugerð ESB 2022/1288 að því er varðar efni og framsetningu upplýsinga í tengslum við upplýsingagjöf í forsamningsskjölum og reglubundnum skýrslum fyrir fjármálaafurðir sem fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi**

**Sjálfbær fjárfesting** er fjárfesting í efnahagslegri starfsemi sem stuðlar að umhverfis- eða félagslegu markmiði, að því gefnu að fjárfestingin skaði ekki verulega neitt umhverfis- eða félagslegt markmið og að fyrirtækin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum.

Flokkunarkerfi ESB, svokallað „EU Taxonomy", er skilgreint í reglugerð (ESB) 2020/852 og setur fram lista yfir **umhverfislega sjálfbæra efnahagslega starfsemi.** Sú reglugerð inniheldur ekki lista yfir félagslega sjálfbæra efnahagslega starfsemi. Sjálfbærar fjárfestingar með umhverfis-markmið geta verið í samræmi við flokkunarkerfið eða ekki.

**Sniðmát fyrir reglubundna upplýsingagjöf vegna fjármálaafurð sem vísað er til í 8. gr., 1., 2. og 2a. mgr., í reglugerð (ESB) 2019/2088 og 6. gr., 1. mgr., í reglugerð (ESB) 2020/852**

**Vöruheiti:** Stefnir – Sustainable Arctic Fund hs.  **Auðkenni lögaðila**: 254900K10OSE3KP43337

# Umhverfis- og/eða félagsleg einkenni

**Hafði þessi fjármálaafurð sjálfbært fjárfestingarmarkmið?**

| ☐ **Já** | ☒ **Nei** |
|---|---|
| Hún **fjárfesti á sjálfbæran hátt með umhverfismarkmið að leiðarljósi :** ___% | ☒ Hún **stuðlaði að umhverfis-/félagslegum (U/F) þáttum** og þrátt fyrir að hafa ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, voru 51,7% fjárfestinganna sjálfbærar |
| ☐ í atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB | ☐ með umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB |
| ☐ í atvinnustarfsemi sem telst ekki umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB | ☒ með umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst ekki umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB |
| | ☒ með félagslegt markmið |
| ☐ Hún **fjárfesti á sjálfbæran hátt með félagsleg markmið að leiðarljósi:** ___% | ☐ Hún stuðlaði að U/F þáttum en **gerði engar sjálfbærar fjárfestingar** |

**Sjálfbærnivísar** mæla hvernig umhverfis- eða félagsleg einkenni sem fjármálaafurðin leitast eftir eru náð.

## Að hve miklu leyti náðust þeir umhverfislegu og/eða félagslegu þættir sem þessi fjármálaafurð stuðlaði að?

*Sjóðurinn leitaðist við að stuðla að umhverfis- og félagslegum þáttum á heildstæðan máta. Í stað þess að beita öllum einkennum á hverja fjárfestingu, einblínir sjóðurinn á það sem er talið mikilvægast, miðað við eðli starfsemi hverrar fjárfestingar, starfssviðs og vöru eða þjónustu. Með því að nýta gögn frá þriðja aðila var stefnt að því að stuðla að þeim einkennum sem útskýrð eru hér að neðan, með hliðsjón af því að fjölbreyttari einkenni gætu einnig hafa verið til staðar í ákveðnum fjárfestingum. Almennt var það mat sjóðsstjóra að umhverfis- og/eða félagsleg einkenni hafi verið uppfyllt. Sjálfbærnivísar fyrir umhverfis- og félagslegu einkennin í eignasafninu sýndu framfarir á tímabilinu.*

| **Umhverfislegt** | Skali (0-10) | |
|---|---|---|
| • Loftslagsbreytingar og losun gróðurhúsalofttegunda | 3,9 | Hærra betra |
| • Rýrnun auðlinda, þar með talið vatn | 4,5 | Hærra betra |
| • Úrgangur og mengun | 2,4 | Lægra betra |
| **Félagslegt** | | |
| • Vinnuaðstæður, þar með talið að ekki sé barnaþrælkun eða þrælahald | 3,7 | Hærra betra |
| • Heilsa og öryggi | 1,8 | Lægra betra |
| • Samskipti starfsmanna og fjölbreytileiki | 4,9 | Hærra betra |

### *Hvernig var frammistaða sjálfbærnivísanna?*

| **Sjálfbærnivísar 2024** | **MSCI meðaltal** | | **Skali** |
|---|---|---|---|
| Einkunn fyrir kolefnislosun | 5,33 | Hærra betra | 1-10 |
| Frammistaða í kolefnislosun miðað við sambærileg fyrirtæki * | 3,66 | Hærra betra | 1-10 |
| Fjórðungseinkunn Vatnsálags** | 0,90 | Lægra betra | 1-4 |
| Þemaeinkunn náttúruauðlinda | 4,53 | Hærra betra | 1-10 |
| Þemaeinkunn úrgangs og mengunar | 1,89 | Lægra betra | 1-10 |
| Fjórðungseinkunn MSCI fyrir eitraða losun og úrgang | 2,45 | Lægra betra | 1-10 |
| Þemavægi MSCI fyrir mengun og úrgang | 7,47 | Lægra betra | 1-100 |
| Einkunn félagslegra stoða fyrirtækisins** | 1,40 | Lægra betra | 1-4 |
| MSCI einkunn fyrir félagslegar stoðir | 3,18 | Hærra betra | 1-10 |
| MSCI einkunn fyrir heilsu- og öryggisáhættu | 1,78 | Lægra betra | 1-10 |
| MSCI einkunn fyrir ánægju starfsfólks | 4,93 | Hærra betra | 1-10 |

* Hærra en 5 er betra en meðaltal innan viðkomandi atvinnugreinar
**Meðaltal 3,0

MSCI UFS einkunnadreifing eignasafnsins þann 31. desember 2024



Sustainalytics einkunnadreifing eignasafnsins þann 31. desember 2024




Reitun einkunnadreifing eignasafnsins þann 31. desember 2024




***...og borið saman við fyrri tímabil?***

N/A sjóðurinn er að birta þessar tölur í fyrsta sinn

**Helstu skaðleg áhrif (PAI)** eru þau helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti sem tengjast umhverfis-, félags-, og starfsmannamálum, virðingu gagnvart mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútum.

***Hver voru markmið sjálfbæru fjárfestinganna sem fjármálaafurðin gerði að hluta til og hvernig stuðlaði sjálfbæra fjárfestingin að slíkum markmiðum?***

Markmið sjálfbæru fjárfestinganna er að leggja sitt af mörkum til að leysa umhverfis- eða félagslega áskorun. Markmið sjálfbæru fjárfestingarinnar er að leggja sitt af mörkum við að leysa umhverfis- eða félagslega áskorun. Sjálfbæru fjárfestingarnar sem sjóðurinn leggst í geta falið í sér ýmis markmið, hver fyrir sig eða í sameiningu, eða tengst umhverfis- eða félagslegum markmiðum með nýtingu ágóða útgáfunnar. Þessi markmið fela í sér:

Umhverfismarkmið: lágmörkun loftslagsáhættu og aðlögun að loftslagsáhættu.

Félagsleg markmið: Sjálfbær samfélög án aðgreiningar, með áherslu á aukna þátttöku kvenna í stjórnendastöðum og sjálfbær samfélög án aðgreiningar, með áherslu á aukna þátttöku kvenna í stjórnum.

Þar sem markmiðið tengist félagslegum málum, mun fjárfestingin leggja sitt af mörkum til félagslegra markmiða í samræmi við eitt af sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbærar fjárfestingar stuðluðu að markmiðum í gegnum fjárfestingar sjóðsins í fyrirtækjum þar sem að minnsta kosti 20% af atvinnustarfsemi þeirra styður við umhverfislega sjálfbær markmið sem skilgreind eru í flokkunarkerfi ESB, eða umhverfis- eða félagsleg markmið sem tilheyrir lista sameinuðu þjóðanna um sjálfbærnimarkmið.

***Hvernig ollu sjálfbæru fjárfestingarnar sem fjármálaafurðin gerði að hluta ekki verulegum skaða á neinu umhverfis- eða félagslegu sjálfbæru fjárfestingarmarkmiði?***

Stefnir beitir útilokun atvinnugreina fyrir þær atvinnugreinar sem eru sjálfkrafa metnar óhæfar til að flokkast sem sjálfbærar fjárfestingar, þar sem þær eru taldar valda verulegum skaða. Þessar atvinnugreinar fela í sér, en eru ekki takmarkaðar við, kola- og olíusandvinnslu, tóbak, fjárhættuspil og þátttöku í umdeildum vopnum.

Sem hluti af ferlinu við að greina sjálfbærar fjárfestingar eru fyrirtæki skoðuð til að tryggja að þau valdi ekki verulegum skaða (DNSH próf) á neinum PAI vísum eða öðrum félags- eða umhverfislegum markmiðum. Standist fyrirtækið DNSH prófið gefur það til kynna að fyrirtækið hafi ekki tengsl við umdeild vopn, fái minna en 1% af tekjum frá varmakolum, fái minna en 10% af tekjum frá leit, vinnslu, dreifingu eða hreinsun olíueldsneytis, og hafi engin rauð/alvarleg UFS mál. Ef fjárfesting stenst ekki þetta próf getur hún ekki talist sjálfbær fjárfesting.

*Hvernig var tekið tillit til vísbendinga um skaðleg áhrif á sjálfbærniþætti?*

Sjóðurinn tekur tillit til meginþátta um skaðleg áhrif (PAI) sem skilgreindir eru í framseldri reglugerð SFDR.

Áður en fjárfesting fer fram, beitir Stefnir fjölda staðla og virknitengdra skimana sem tengjast PAI, þar á meðal, en ekki takmarkað við: PAI 1: Losun gróðurhúsaloftegunda (Scope 1 og 2) og PAI 10: Brot á meginreglum UN Global Compact (UNGC) og viðmiðunum frá Organisation for Economic Cooperation and Development (OECD) fyrir alþjóðafyrirtæki. Enn fremur útilokar sjóðurinn fjárfestingar í fyrirtækjum sem tengjast umdeildum vopnum (PAI 14).

*Voru sjálfbærar fjárfestingar í samræmi við viðmið OECD fyrir alþjóðafyrirtæki og leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi? Nánar:*

N/A

*Í flokkunarkerfi ESB er sett fram meginreglan ,,ekki valda verulegu tjóni'' sem fjárfestingar sem fylgja þessu kerfi skulu fylgja. Fjárfestingarnar ættu ekki að skaða verulega markmið ESB flokkunarkerfisins og fylgja sérstökum viðmiðum sambandsins.*

*Meginreglan um að „ valda ekki verulegum skaða" á aðeins við um þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni sem taka tillit til viðmiða ESB um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Fjárfestingarnar sem liggja til grundvallar þessarar fjármálaafurðar að öðru leyti taka ekki tillit til viðmiða ESB um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.*

*Allar aðrar sjálfbærar fjárfestingar mega einnig ekki valda verulegum skaða á neinum umhverfis- eða félagslegum markmiðum.*

## Hvernig tók þessi fjármálaafurð tillit til Helstu skaðlegra áhrifa (PAI) á sjálfbærniþætti?

*Sjóðurinn fylgist með PAI þáttum sem honum er skylt að fylgjast með af upplýsinga- og gagnarakningarástæðum.*

*Meðaltal árangurs í lok árs:*

| | | |
|---|---|---|
| Heildar GHG losun/EVIC | 516,75 | MT $CO_2$-eq/EVIC (M€) |
| Kolefnisspor/EVIC | 96,11 | MT $CO_2$-eq/EVIC (M€) |
| GHG styrkleiki | 140,46 | MT $CO_2$-eq/Sales (M€) |
| Útsetning fyrir jarðefnaeldsneytisgeirum | 0,68 | % |
| Notkun óendurnýjanlegrar orku | 57,35 | % |
| Framleiðsla óendurnýjanlegrar orku | - | % |
| Styrkleiki orkunotkunar | 630,69 | MWh/Sala (M€) |
| Fjöldi staða á umhverfislega viðkvæmum svæðum | 0 | Fjöldi staða |
| Losun í vatn | 0,85 | 1k MT |
| Hættulegur úrgangur | 30,20 | 1k MT |
| Brot á UNGC reglum (núverandi staða) | Y | Y/N |
| Stefnur fyrir eftirlit með UNGC fylgni | 65,5 | Hlutfall |
| Meðal launamunur kynjanna | 6,7 | % |
| Miðgildi launamunar kynjanna | 17,31 | % |
| Kynjafjölbreytni stjórnar | 42,42 | % Kvenkyns meðlimir/Heildarfjölda |
| Útsetning fyrir umdeildum vopnum (núverandi staða) | N | Y/N |

## Hverjar voru helstu fjárfestingar þessarar fjármálaafurðar?

Listinn inniheldur þær fjárfestingar sem mynda **stærstan hluta fjárfestinga** fjármálavörunnar á viðmiðunartíma bilinu sem er: 01.01.2024 - 31.12.2024

| Stærstu fjárfestingar | Geiri | % Eigna | Land |
|---|---|---|---|
| Oculis Holding AG | Heilbrigðisþjónusta | 6,44 | CH |
| Wartsila Oyj Abp | Iðnaður | 5,35 | FI |
| Benchmark Holdings Plc - NO | Neytendavörur | 5,30 | GB |
| Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. | Neytendavörur | 5,12 | IS |
| Constellation Software Inc. | Upplýsingatækni | 4,79 | CA |
| The Descartes Systems Group Inc. | Upplýsingatækni | 4,67 | CA |
| MIPS AB | Neytendavörur | 4,50 | SE |
| Marel hf. – IS markaður | Iðnaður | 4,48 | IS |
| Amaroq Minerals Ltd | Málmar | 4,10 | IS |
| SkiStar AB | Neytendavörur | 3,93 | NO |
| Addtech AB | Iðnaður | 3,89 | SE |
| Coloplast - A/S - B shares | Heilbrigðsþjónusta | 3,84 | DK |
| Rockwool Int.A/S - B SHS | Iðnaður | 3,69 | DK |
| Embla Medical hf. | Heilbrigðisþjónusta | 3,61 | IS |
| Vestas Wind Systems A/S | Iðnaður | 3,48 | DK |

## Hvert var hlutfall sjálfbærnitengdra fjárfestinga?

**Eignaskipting** lýsir hlutdeild fjárfestinga í tilteknum eignum.

### *Hver var eignaskiptingin?*

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig að halda að lágmarki 90% eigna sjóðsins í samræmi við umhverfis- og/eða félagslega eiginleika (U/F). Umhverfis- og félagslegum öryggisráðstöfunum er fylgt með því að beita tilteknum helstu neikvæðum áhrifum (PAI), eftir því sem við á, á þessar undirliggjandi eignir. Innan þessara eigna skuldbindur sjóðurinn sig til að fjárfesta að lágmarki 50% í sjálfbærum fjárfestingum. Sjóðurinn fjárfestir að hámarki 10% í eignum í flokkinum „Annað“, sem felur meðal annars í sér reiðufé, peningamarkaðsskjöl og afleiður.




**#1 Samræmast U/F þáttum**
felur í sér fjárfestingar fjármálaafurðarinnar sem notaðar eru til að ná umhverfis- eða félagslegum eiginleikum sem fjármálaafurðin stuðlar að.

**#2 Annað**
felur í sér aðrar fjárfestingar fjármálaafurðarinnar sem hvorki samræmast umhverfis- eða félagslegum eiginleikum, né flokkast sem sjálfbærar fjárfestingar.

Flokkurinn **#1 Samræmast U/F þáttum** nær yfir:
-Undirflokkinn **#1A Sjálfbært** sem nær yfir umhverfis- og félagslega sjálfbærar fjárfestingar.
- Undirflokkinn **#1B Aðrir umhverfis- /félagslegir þættir** sem nær yfir fjárfestingar sem eru í samræmi við umhverfis- eða félagslega eiginleika, en teljast ekki til sjálfbærra fjárfestinga.

### *Í hvaða atvinnugreinum voru fjárfestingarnar gerðar?*

| Geiri | Atvinnugrein | Vigt |
|---|---|---|
| Neytendavörur | Afþreyingaraðstaða | 3,80% |
| Neytendavörur | Afþreyingarvörur | 4,38% |
| Neytendavörur | Pökkunarmatvörur og kjötvörur | 15,04% |
| Neytendavörur | Heimilisvörur | 2,75% |
| Neytendavörur | Brugghús | 5,13% |

Til að uppfylla kröfur flokkunarkerfis ESB, fela viðmiðin fyrir **jarðefnagas** í sér takmarkanir á losun og skiptingu yfir í endurnýjanlega orku eða lágkolefniseldsneyti fyrir árslok 2035. Fyrir **kjarnorku** fela viðmiðin í sér heildstæðar öryggis- og úrgangsstjórnunaráætlanir.

**Stuðningsstarfsemi** gerir annarri starfsemi kleift að leggja verulegt framlag til umhverfismarkmiðs

**Umbreytingarstarfsemi** er starfsemi þar sem kolefnislágir kostir eru enn ekki fáanlegir og hefur starfsemin losun gróðurhúsalofttegunda sem samsvarar bestu frammistöðu.

| | | |
|---|---|---|
| Fjármálaafurðir | Fjölþætt bankastarfsemi | 5,88% |
| Heilbrigðisþjónusta | Heilbrigðistæki | 4,58% |
| Heilbrigðisþjónusta | Heilbrigðisvörur | 3,37% |
| Heilbrigðisþjónusta | Lyfjafyrirtæki | 7,86% |
| Iðnaður | Byggingavörur | 3,65% |
| Iðnaður | Þungur rafbúnaður | 3,36% |
| Iðnaður | Iðnaðarvélar og rekstrarvörur | 5,62% |
| Iðnaður | Sjóflutningar | 4,21% |
| Iðnaður | Farþegaflugfélög | 2,20% |
| Iðnaður | Viðskiptafyrirtæki og dreifingaraðilar | 3,92% |
| Upplýsingatækni | Hugbúnaður fyrir notendaforrit | 10,05% |
| Málmar | Gulliðnaður | 8,11% |
| Hráefni | Pappírsafurðir | 3,40% |
| Veitufyrirtæki | Endurnýjanleg raforka | 1,11% |

### Að hve miklu leyti voru sjálfbæru fjárfestingarnar með umhverfismarkmið í samræmi við flokkunarkerfi ESB?

**Fjárfesti fjármálaafurðin í jarðefnagasi og/eða kjarnorkutengdri starfsemi í samræmi við flokkunarkerfi ESB[1]?**

☐ Já:

☐ Í jarðefnagasi ☐ Í kjarnorku

☒ Nei

[1] Starfsemi tengd jarðefnagasi og/eða kjarnorku mun aðeins vera í samræmi við flokkunarkerfi ESB ef hún stuðlar að því að takmarka loftslagsbreytingar og veldur ekki verulegum skaða gagnvart neinu markmiði með flokkunarkerfi ESB – sjá útskýringu í vinstri brún. Fullar kröfur fyrir starfsemi tengd jarðefnagasi og kjarnorku sem er í samræmi við flokkunarkerfi ESB eru settar fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1214.

Starfsemi í samræmi við flokkunarkerfið er gefin upp sem hlutfall af:

- **Veltu** sem endurspeglar hlutfall tekna frá grænni starfsemi hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í.
- **Fjárfestingar-kostnaði** (CapEx) sem sýnir grænar fjárfestingar sem fyrirtæki sem fjárfest er í hafa gert, t.d. til að færa sig yfir í grænt hagkerfi.
- **Rekstrarútgjöld** (OpEx) sem endurspeglar græna rekstrarstarfsemi hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í.

***Gröfin hér að neðan sýna í grænu þá prósentu fjárfestinga sem voru í samræmi við flokkunarkerfi ESB. Þar sem ekki er til viðeigandi aðferðafræði til að ákvarða samræmi ríkisskuldabréfa við flokkunarkerfið, þá sýnir fyrsta grafið samræmi við flokkunina í tengslum við allar fjárfestingar fjárfestingaafurðarinnar, þar með talin ríkisskuldabréf. Seinna grafið sýnir samræmi við flokkunarkerfið einungis þeirra fjárfestinga sem ekki eru ríkisskuldabréf.***







* *Í þessum gröfum samanstanda ríkisskuldabréf af öllum skuldbindingum ríkis.*

eru sjálfbærar fjárfestingar með umhverfislegt markmið sem **taka ekki mið af viðmiðum** um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852.

- ***Hvert var hlutfall fjárfestinga í umbreytingar- og stuðningsstarfsemi?***

N/A

- ***Hvernig var prósenta fjárfestinga sem samræmdist flokkunarkerfi ESB í samanburði við fyrri tímabil?***

N/A

## Hvert var hlutfall sjálfbærra fjárfestinga með umhverfisleg markmið sem ekki voru í samræmi við flokkunarkerfi ESB?

*Hlutfall sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem ekki eru í samræmi við flokkunarkerfi ESB var 17% af heildareignum við lok árs og er það í samræmi við viðmiðunartímabilið*

## Hver var hlutdeild félagslega sjálfbærra fjárfestinga?

29%

## Hvaða fjárfestingar voru taldar undir „annað“, hver var tilgangurinn með þeim og var einhver lágmarksvernd í umhverfis- eða félagslegu tilliti?

„Aðrar“ fjárfestingar fela í sér reiðufé, ígildi reiðufjár, fjárfestingar í dreifingarskyni eða fjárfestingar í verðbréfasjóðum, ETF, og öðru slíku þar sem gögn vantar og fylgja ekki neinum lágmarks umhverfis- eða félagslegum verndarráðstöfunum.

**Hvaða aðgerðir hafa verið teknar til að uppfylla umhverfis- og/eða félagslega eiginleika á tilvísunartímabilinu?**

**Hvernig stóð þessi fjármálaafurð sig borið saman við viðmiðunarvísitöluna?**

**Viðmiðunar-vísitölur** eru vísitölur sem mæla hvort fjármálaafurðin nær þeim umhverfis- eða félagslegu eiginleikum sem þær stuðla að.

N/A

- ***Hvernig er viðmiðunarvísitalan frábrugðin almennri markaðsvísitölu?***

  N/A

- ***Hvernig stóð þessi fjármálaafurð sig með tilliti til sjálfbærnivísa til að ákvarða samræmi viðmiðunarvísitölunnar við umhverfis- eða félagslegu eiginleikana sem stuðlað var að?***

  N/A

- ***Hvernig stóð þessi fjármálaafurð sig borið saman við viðmiðunarvísitöluna?***

  N/A

- ***Hvernig stóð þessi fjármálaafurð sig borið saman við almenna markaðsvísitölu?***

  N/A